

Móttökuáætlun Kársnesskóla er ætlað að styðja nýja nemendur og foreldra/forráðamenn við upphaf skólagöngu í nýjum skóla, veita þeim öryggi og stuðla þannig að vellíðan þeirra. Áætlunin tekur annars vegar til þeirra barna sem eru að hefja grunnskólagönguna og hins vegar til nemenda sem eru að skipta um grunnskóla.

[Umsókn](#) um skólavist má nálgast á heimasíðu skólans.

## Móttaka barna í fyrsta bekk

Kársnesskóli og leikskólar hverfisins; Urðarhóll, Kópasteinn, Marbakki og Undraland, vinna saman að undirbúningi barnanna í hverfinu fyrir fyrstu skrefin í grunnskólanum. Allt skipulag og samstarf er á ábyrgð skólastjórnenda, kennara 1. bekkja og leikskólakennara.

Leikskólabörnin heimsækja skólann tvisvar áður en hin eiginlega skólaganga hefst og eru báðar heimsóknir á vordögum það ár. Í fyrri heimsókninni tekur deildarstjóri yngsta stigs á móti börnunum og leikskólakennara og kynnir þeim húsakynni og leiksvæði skólans. Í seinni heimsókninni hitta leikskólabörnin fyrstu bekkinga og kennara þeirra. Verðandi nemendur í 1. bekk sem ekki eru á hverfisleikskóla fá boð í seinni heimsóknina og geta einnig fengið að koma í annan tíma og skoða skólann.

Foreldrar verðandi fyrstu bekkinga fá fréttabréf með upplýsingum um skólann, Dægradvöl og skólastarfið. Þeir fá síðan boð á fund í lok maí þar sem fram fer stutt kynning á skólanum og húsnæðið skoðað.

Í byrjun september eru foreldrum 1. bekkinga boðið á skólafærninámskeiðið *Vinum saman* sem lýkur á því að umsjónarkennarar kynna starf vetrarins. Þegar liðið er á veturinn fara fyrstu bekkingar í heimsókn í gamla leikskólann sinn.

Innritun barnanna fer fram í gegnum [Íbúagátt Kópavogsbæjar](#) og/eða á [heimasíðu skólans](#). Ef nemandi er innritaður í 1. bekk þegar liðið er á skólaárið gildir áætlun um *nemendur sem innritast eftir að skólaárið er hafið*.

## Nemendur sem innritast í 2.—10. bekk við upphaf skólaárs

Nemandi og foreldrar/forráðamenn eru boðaðir í skólann fyrir skólasetningu þar sem umsjónarkennari tekur á mótum þeim og fer með þeim í kynnisferð um skólann. Kennari, nemandi og foreldrar skiptast á upplýsingum um helstu atriði skólastarfsins, stöðu nemanda og væntingar til skólastarfsins.

Nemendur sem hafa íslensku sem móðurmál og hafa búið lengi í útlöndum fara í stöðupróf í íslensku auk þess sem önnur tungumálakunnátta þeirra er metin.

## Nemendur sem innritast eftir að skólaár er hafið

Skólastjórnandi tekur á mótum nemanda og foreldrum/forráðamönnum í óformlegt viðtal, afhendir gögn, fer yfir helstu atriði skólastarfsins, stöðu nemanda og væntingar hans til skólastarfsins. Nemandi fær kynningu á skólahúsnæðinu og hittir verðandi umsjónarkennara.

## Nemendur með sérþarfir

Þegar nemandi með sérþarfir sækir um skólavist er óskað eftir gögnum frá foreldrum sem fyrir liggja um sérþarfir nemandans. Í [móttökuvíðtali](#) er farið yfir þarfir hans og í framhaldinu er metið hvernig hægt er að koma til móts við hann, s.s. með [sérkennslu](#) eða annars konar aðstoð. Skólastjórnandi kynnir nemanda fyrir starfsmönnum og leiðbeinir þeim um sérþarfir hans auk þess að tryggja samstarf við Dægradvöl/Ekkó um félagstarf. Umsjónarkennari sér um undirbúning fyrir ferðir á vegum skólans í samstarfi við foreldra.

Sé þörf á sérstöku teymi sem heldur utan um mál nemanda mun skólastjórnandi stýra því og halda utan um samskipti við stofnanir utan skólans og foreldra. Umsjónarkennari sér um önnur og hefðbundin samskipti við foreldra.

Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda í daglegu lífi og/eða við nám er leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk í skólanum, hvort heldur um ræðir húsbúnað eða námsgögn. Aðstaða og aðbúnaður til sérkennslu er í samræmi við lög og reglugerðir.

## Einstaklingsnámskrá

Einstaklingsnámskrá er gerð þegar nemandi vísar verulega frá námskrá árgangsins. Umsjónarkennari og sérkennari bera ábyrgð á gerð hennar, reglulegu endurmati og þróun hennar. Við gerð hennar er tekið mið af þroskamati og greiningum nemanda, óskum foreldra

og mati kennara. Námskráin samanstendur af hæfniviðmiðum, markmiðum, námsefni, námsmati og námsaðstæðum og er endurskoðuð reglulega í samstarfi við foreldra.

## **Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Hér er [móttökuáætlun](#) nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Skólastjórnandi upplýsir kennara og starfsfólk um nýja nemendur um leið og þeir byrja í skólanum.

Námsráðgjafi boðar alla nýnema í viðtal þegar þeir hafa verið um nokkurt skeið í skólanum og fer yfir líðan og upplifun nemandans af skólastarfinu.